

**Sp. 821. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]**

um endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Bjarni Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, með það að markmiði að auka frjálsræði í viðskiptum, tryggja viðskiptalegt aðhald að vinnsluáðilum og að sem stærstur hluti hins endanlega söluverðs afurðanna skili sér til bænda. Nefndin skili Alþingi álit sínu fyrir 1. jan. 1985. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Vinnslu- og stjórnkerfi landbúnaðarins hefur sætt vaxandi gagnrýni að undanfögnu. Verð landbúnaðarafurða til neytenda er hátt en verð til bænda lágt vegna þess að milliliða- og vinnslugjöld eru há.

Athugun Hagvangs fyrir síðustu ríkisstjórn leiddi í ljós, að framleiðslukostnaði einstakra mjólkurafurða væri ekki haldið til haga í bókhaldi mjólkurbúa. Verðmyndun á kakómjólk og mangósopa hefur ekki fengist upplýst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Í greinargerð Porvalds Búasonar um slátrunarkostnað eru leidd rök að miklum duldu hagnaði sláturhúsa. Léleg nýting fjárkostnaðar í vinnslustöðvum landbúnaðarins hefur ítrekað komið til umræðu. Á sama tíma hafa risið og eru að rísa dýrar stórbyggingar fyrir vinnslustöðvar landbúnaðarafurða án sýnilegs fjárskorts til framkvæmdanna þrátt fyrir samdrátt og þrengingar á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Öllum atvinnurekstri er hollt að njóta viðskiptalegs aðhalds og færa má rök að því, að slíkt skorti einmitt að því er vinnslustöðvar landbúnaðarins varðar og sé skýringanna á því, sem að ofan er rakið, ekki síst þar að leita.

Gildandi stjórn- og verðmyndunarkerfi landbúnaðarins er orðið gamalt að stofni til. Það gegndi sjálfsagt mikilvægu hlutverki við þær aðstæður sem upphaflega ríktu, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að það svari á hverjum tíma til ríkjandi aðstæðna. Af þeim sökum og með tilvísun til galla, sem komið hafa fram, er rétt að taka þetta stjórnkerfi landbúnaðarins til endurskoðunar. Því er þessi tillaga flutt, enda telja flutningsmenn að Alþingi eigi að hafa frumkvæði um málið.

Markmiðið með endurskoðuninni á að vera að auka hagkvæmni í vinnslunni og stuðla þannig að því að sem stærstur hluti endanlegs afurðaverðs skili sér til bænda og neytendum verði ekki gert að greiða óeðlilega hátt verð. Í þessu skyni er sérstaklega bent á að auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja viðskiptalegt aðhald.